



Áveitan

8. tbl. 19. árgangur. Ágúst 2025

Fréttir frá Flóaskóla



Þá er ágústmánuður runninn upp og undirbúningur skólastarfsins framundan. Skrifstofa skólans opnar þriðjudag 5. ágúst, frá 8:00-14:00 og stjórnendur verða við störf frá þeim tíma. Kennarar sinna endurmenntun og undirbúningi í ágúst og aðrir starfsmenn koma að ýmsum undirbúningi ásamt því að sinna sumarfrístund sem verður opin frá og með mánudegi 18. ágúst frá 8:00-16:00 fram að skólabyrjun.

Skólasetning Flóaskóla verður mánudaginn 25. ágúst næstkomandi í Þjórsárveri klukkan 10:00, gert er ráð fyrir að allir nemendur mæti með sínum forráðamönnum. Skólahald hefst síðan samkvæmt stundaskrá þriðjudag 26. ágúst og skólaakstur hefst líka þann dag.

Við horfum með tilhlökkun til komandi skólaárs

Bestu kveðjur úr Flóaskóla
Þórunn Jónasdóttir



Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd.

Oddný Ása Ingjaldsdóttir

halla@floahreppur.is

odnyasa@gmail.com

845-9719

865-5692

Pistill frá Flóahreppi



Pistillinn frá sveitarfélaginu þennan mánuðinn er að mestu tileinkaður verkefnum vinnuskólans í sumar en hér er stutt samantekt frá verkstjórum vinnuskólans til upplýsinga fyrir lesendur.

Vinnuskóli Flóahrepps starfaði á tímabilinu 12. júní- 31. júlí sumarið 2025. Verkefni sumarsins voru fjölbreytt og víðs vegar um sveitina. Þá var aðalega unnið við félagsheimilin þrjú í hreppnum, Flóaskóla og Krakkaborg. Einnig kíktum við í kirkjugarðana í sumar og gerðum fínt og snyrtilegt þar. Helstu verkefni vinnuskólans í ár voru að reyta illgresi, snyrta hellulögn, grisja tré, slá, raka og fást við gróðursetningu, ruslatínslu og málningarvinnu. Heitu pottarnir við Þingborg voru þrífir og trjákur borið á leikskólalóðina. Veðrið lék við okkur flesta daga fyrir utan stöku rigningardaga en þá var pollagallinn bara dreginn fram. Vinnuskólanum lauk svo þann 31. júlí með skemmtideginum. Í ár fengum við loftbolta til okkar í Þingborg og haldin var þrautakeppni. Þá voru grillaðar pulsar og látið renna í heitu pottana. Við þökkum krökkunum kærlega fyrir sumarið og vonum að þau hafi það gott.

Bestu kveðjur, Ólöf Vala og Þórunn

Flóahreppur færir starfsmönnum vinnuskólans og verkstjórum bestu þakki fyrir þeirra vinnuframlag í sumar en þeirra framlag við fegrun umhverfisins skiptir miklu máli fyrir ásýnd á opnum svæðum og við fasteignir sveitarfélagsins.

Til viðbótar við verkefni starfsmanna vinnuskólans hefur Sigurður Þór Emilsson séð um slátt við fasteignir, á opnum svæðum og við kirkjur innan sveitarfélagsins. Það er mikil vinna að komast yfir öll þau svæði sem þarf að slá en það hefur tekist með ágætum hjá Sigurði og þeim starfsmönnum úr vinnuskólanum sem hafa aðstoðað hann við verkið.

Að lokum langar mig að benda á pistil frá Áveitunni í júní þar sem Árni Eiríksson fór meðal annars yfir helstu framkvæmdir sumarsins og það sem framundan er í framkvæmdum hjá sveitarfélaginu. Töluverðar framkvæmdir og uppbygging eru í gangi víða í þessu ört stækkandi samfélagi sem við búum í, bæði á vegum sveitarfélagsins og einkaaðila. Það er ljóst að mikill áhugi er á svæðinu.

Pálmi Þormóðsson hefur sinnt verkefnastjórn vegna verklegra framkvæmda í sumar. Þegar umfang og fjöldi verkefna eins og raunin hefur verið síðustu vikur og verður næstu mánuði þá er mikilvægt að haldið sé vel utanum þau verkefni sem eru í gangi hverju sinni og hefur Pálmi sinnt því vel fyrir sveitarfélagið í sumar.

Skrifstofa Flóahrepps hefur verið lokað vegna sumarleyfa frá 14. júlí og opnar aftur þriðjudaginn 5. ágúst kl. 9:00.

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

Laugardagsopnun á gámasvæði

Gámasvæðið í Hrismýri verður opið laugardaginn 9. ágúst, frá 12:00-16:00. Hvetjum íbúa og aðra fasteignaeigendur í Flóahreppi að nýta sér þetta, ekki síst eigendur frístundahúsa. Klippikortin má nálgast yfir sumartímann hjá ÍGF í Hrismýri og alltaf á skrifstofu Flóahrepps á opnunartíma.

Reiðtúr Umf Þjótanda

22. júlí sl var reiðtúr Umf Þjótanda haldinn. Lagt var af stað frá Lyngholti og riðinn hringur upp Ásaveg, í gegnum Þingdal, svo meðfram veginum aftur í Lyngholt þar sem boðið var upp á grillaðar pylsur og svaladrykk. Þátttaka var mjög góð, 56 ríðandi á 65 hrossum.

Gaman er að segja frá því að yngsti knapinn er á 4. aldursári og sá elsti verður áttæður síðar á árinu.



Skógar ganga

Komdu með í skemmtilega gönguferð um skógræktar-svæðið við Borg í Grímsnesi, svæði sem er gaman að skoða og ræða í góðum félagsskap.

Nánari upplýsingar verða birta á Facebook þegar nær dregur.

Allir velkomnir – munið eftir nestinu

**Borg í Grímsnesi
21. ágúst nk.**

Við hvetjum alla áhugasama til að daginn frá og njóta samveru í fallegu umhverfi.

*Kveðja, Stjórn Skógræktarfélags
Villingaholtshrepps*

Úrslit móta Héraðsmót HSK– haldið á Selfossi 15. júlí 2025

100 m hlaup karla

6. 13,0 sek Helgi Reynisson

Hástökk karla

1. 1,71 m Helgi Reynisson

Boðhlaup karla

3. 51,94 sek Kristján Reynisson, Helgi Reynisson,
Sigurjón Reynisson og Unnsteinn
Reynisson



Bræðurnir frá Hurðarbaki, þeir Kristján, Sigurjón, Unnsteinn og Helgi Reynissynir skipuðu boðhlaupssveit Umf Þjótanda. Þetta er í annað skipti í 115 ára sögu HSK að bræður skipa boðhlaupssveit síns félags. Glæsilegur árangur hjá þeim bræðrum.

60+ göngur í Flóahreppi

Alla miðvikudaga í ágúst og hefjast kl 18:00

6. ágúst verður hist við Einbúa og gengið að Hvítá. Mjög slétt undirlag og er gangan stutt eða tæpir 2 km. Harpa og Magnús í Oddgeirshólum sjá um gönguna og er Harpa í síma 8487713 fyrir nánari upplýsingar.

13. ágúst verður hist á planinu við Ríma 15. Helgi Sigurðsson frá Súluholti sér um gönguna. Gengið verður um Rimahverfið og e.t.v. kíkt á nýja hverfið Súlur. Nánari upplýsingar veitir Helgi í síma 8929872.

20. ágúst verður hist við Timburhólaskóg og mun Helgi Stefánsson frá Vorsabæ leiða þar göngu um skógarstígana. Síminn hjá Helga er 8920971.

27. ágúst verður gengið um Ölvisholt. Mæting á hlaðið við gamla húsið í Ölvisholti. Gengið verður upp í holt og kíkt á kúlutjöld. Tiltölulega auðveld ganga eftir slóða en aðeins á fótinn. Halla Kjartansdóttir í Ölvisholti leiðir gönguna en hún er í síma 6880717.

Í september hefjast svo kaffhittingar á miðvikudögum kl 16:00. Byrjum 3. september og stefnum á að hittast á 3ja vikna fresti. Nánar auglýst í næstu Áveitu.

Endilega fylgist með okkur á Facebook síðunni 60+ í Flóahreppi. Þar koma nánari upplýsingar um starfið. Ábendingar og hugmyndir eru alltaf vel þegnar til að halda starfinu lifandi og að ykkar vilja og þörfum.

Kær kveðja, Nefndin

Þjótandaæfingar í sumar

Umf Þjótandi er með æfingar í sumar fyrir krakka sem voru að ljúka 1. - 6. bekk á þriðjudögum milli kl 20 og 21, á íþróttavellinum við Þjórsárver. Þjálfarar eru þær Guðmunda Bríet Steindórsdóttir og Hanna Dóra Höskuldsdóttir.



Síðasta æfing sumarsins er þriðjudaginn 12. ágúst.

Einnig eru leikjakvöld fyrir nemendur sem voru að ljúka 7. bekk og eldri á fimmtudagskvöldum milli kl 20 og 21.

Staðsetning er auglýst á facebooksíðunni „Leikjakvöld Þjótanda“ hvert sinn.

Síðasta leikjakvöld sumarsins er 14. ágúst.

Stjórnin

Dagskrá mánaðarins:

Unglingalandsmót UMFÍ	31. júlí - 3. ágúst
Skrifstofa Flóahrepps opnar	5. ágúst
Skrifstofa Flóaskóla opnar	5. ágúst
Sumaræfing yngri	5. ágúst
Ganga 60 + Einbúi	6. ágúst
Leikjakvöld eldri	7. ágúst
Gámasvæði Hrísmýri - Laugardagsopnun	9. ágúst
Sumaræfing yngri	12. ágúst
Ganga 60 + Rimar 15	13. ágúst
Leikjakvöld eldri	14. ágúst
Ganga 60 + Timburhólaskógur	20. ágúst
Skógarganga - Borg í Grímsnesi	21. ágúst
Skólasetning Flóaskóla	25. ágúst
Ganga 60+ Ölvisholt	27. ágúst